



Alþýðusamband Íslands

Efnahags-, atvinnu- og velferðarmálin

Allt frá því í byrjun október á síðasta ári hefur helsta viðfangsefni miðstjórnar ASÍ verið umfjöllun um, stefnumótun og aðgerðir er snúa að viðbrögðum við bankahruninu og þeim þrengingum sem fylgdu í kjölfarið fyrir heimilin og atvinnulífið í landinu. Ítarlega hefur verið fjallað um stöðu mála og þær áherslur sem ASÍ hefur sett fram í samskiptum við stjórnvöld, samtök atvinnurekenda og aðra aðila sem málið varðar og inn á við í verkalýðshreyfingunni til stuðnings aðildarsamtökunum og félagsmönnum í verkalýðshreyfingunni.

Ljóst er að starfið hefur skilað margs konar árangri fyrir hag heimilanna í landinu og launafólk. Jafnframt hefur miðstjórn gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir að ekki hafi verið meira að gert og tillögum Alþýðusambandsins m.a. varðandi möguleika heimila í fjárhagsvanda til greiðsluáðlögunar og eflingu atvinnulífsins í landinu. Á verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar má finna tilvísun í ýmislegt af því sem ASÍ hefur lagt áherslu á og er þess vænst að því verði nú hrint í framkvæmd.

Á fundi miðstjórnar 4. febrúar var ákveðið að boða til aukaársfundar ASÍ 25. mars nk. þar sem fjallað verður um efnahags-, atvinnu- og félagsmálin og stefna og áherslur ASÍ í þessum málaflokkum skerpt og skýrð.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2009

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. janúar var starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2009 afgreidd. Draga má megináherslu í starfi skrifstofu ASÍ á næsta ári saman í fjögur verkefni:

- Í fyrsta lagi að fylgja eftir stefnu ASÍ um að stjórnvöld hefji aðildarviðræður við ESB og upptöku evrunnar, m.a. með því að skilgreina samningsmarkmið og –kröfur í helstu málefnaflokkum sambandsins.
- Í öðru lagi að fylgja eftir stefnu og áherslum ASÍ í málefnum ungs fólks og kynna í samfélaginu.
- Í þriðja lagi að skipuleggja og hrinda í framkvæmd umræðu um uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar og skipulag ASÍ byggt á ákvörðun ársfundarins 2008.
- Í fjórða lagi að endurskoða áherslur og sýn verkalýðshreyfingarinnar í ljósi hruns fjármálakerfisins og verulegs samdráttar í tekjum ríkis og sveitarfélaga.

Frumvarp um framhaldsfræðslu

Miðstjórn ASÍ afgreiddi á fundi sínum 21. janúar umsögn vegna frumvarps til laga um framhaldsfræðslu. Í umsögninni segir m.a.:

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) vill í upphafi árétta að það hefur lengi verið skoðun sambandsins að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægir í því sambandi að benda á tillögur Verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004 sem ASÍ átti aðild að og

yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008.

Frumvarpið felur í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“. Jafnframt felst í frumvarpinu viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

Frumvarp var unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði, ASÍ og SA.

Í frumvarpinu og athugasemdunum sem með því fylgja felst mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðila vinnumarkaðarins hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum.

Umsögnina í heild sinni má sjá hér http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-29/60_read-1429/